

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2014.

**Efni: Umsögn Flugvirkjafélags Íslands um frumvarp til laga um frestun verkfallsaðgerða Flugvirkjafélags Íslands gegn Icelandair.**

Vísað er til ofangreinds frumvarps sem lagt var fram á Alþingi í dag, 18. júní 2014. Flugvirkjafélag Íslands („FVFÍ“) óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum að við efni frumvarpsins.

FVFÍ gerir alvarlegar athugasemdir við efni frumvarpsins. Er einsýnt að frumvarpið mun ef að lögum verður brjóta í verulegu gegn samningsfrelsi og verkfallsrétti FVFÍ sem stéttarfélags og þar með m.a. gegn réttindum FVFÍ og félagsmanna þess sem varin eru af stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Furðu sætir að framkvæmdavaldið skuli leggja fram frumvarp á Alþingi sem gerir ráð fyrir eins konar fyrirfram banni á verkfallsaðgerðir. Til þessa hefur ein tímabundin vinnustöðvun átt stað á vegum FVFÍ og félagsmanna þess hjá Icelandair, þ.e. hinn 16. júní sl. Ótímabundin vinnustöðvun er ekki hafin og var ekki ráðgerð fyrr en 19. júní nk. Ótímabundin vinnustöðvun hefur því ekki einu sinni hafist þegar að frumvarpið fær þinglega meðferð og ekkert tjón er orðið vegna ótímabundinnar vinnustöðvunar. Vandséð er hvaða rök eigi að standa til þess að viðhafa svo stórfellt inngrip í stjórnarskrárvarinn rétt vegna ótímabundinnar vinnustöðvunar sem enn hefur ekki komið til. Þá er fjöldi sáttafunda deiluaðila og gangur kjarasamningsviðræðna aðila ekki með þeim hætti að deilan teljist í óleysanlegum hnút, þannig að réttlætt geti lagasetningu á verkfallsaðgerðir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkir gríðarlegir efnahagslegir hagsmunir séu í húfi að réttlæti lagasetningu. FVFÍ mótmælir þessu. Flugsamgöngur til og frá Íslandi haldast opnar þrátt fyrir vinnustöðvunina og önnur flugfélög, þ.e. samkeppnisaðilar Icelandair, geta sinnt farþega- og vöruflutningum á meðan á ótímabundinni vinnustöðvun stendur hjá flugfélaginu sem verkfallið nær til. Fjöldi flugfélaga, innlendra sem erlendra, annast farþega- og vöruflutninga í lofti til og frá landinu frá vori fram til hausts árið 2014, sem fyrr, og vinnustöðvunin nær einungis til eins af þeim flugrekstraraðilum. Þar af leiðir að verkfall hefur með engum hætti lómunaráhrif á ferðapjónustu í landinu og samdráttur í tekjum atvinnugreinarinnar er ekki með þeim hætti að unnt sé að líta til heildartekna atvinnugreinarinnar til þess að meta áhrif vinnustöðvunarinnar.

Í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt fyrir um *félagafrelsi*, sem m.a. nær til stéttarfélaga. Talið er að ákvæðið feli í sér viðtækari rétt félaga en er nákvæmlega orðaður í ákvæðinu, með hliðsjón einnig af 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þ.m.t. samningsfrelsi stéttarfélaga og verkfallsrétt. FVFÍ telur að ef frumvarp þetta verður að lögum verði verkfallsrétti félagsins settar skorður sem gangi í berhöggi við ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar.

FVFÍ telur einnig að ákvæði frumvarpsins brjóti í bága við 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi á Íslandi, sbr. *lög nr. 62/1994*. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu um ákvæðið og skýringum á ákvæðinu og dómum, hefur verið talið að 11. gr. viðurkenni frelsi stéttarfélaga til að semja um kaup og kjör gagnvart vinnuveitendum sínum og til að fylgja þeim réttindum eftir með þvingunaraðgerðum eins og t.d. verkföllum. Verkfallsrétturinn skuli ekki háður öðrum takmörkunum

en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi.


Þá telur FVFÍ að lagasetning á verkfallsaðgerðir nú brjóti gegn *atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar*. Þar er mælt fyrir um atvinnufrelsi, sem einungis má setja skorður ef almannahagsmunir krefjast. Slíkir almannahagsmunir eru ekki til staðar að mati FVFÍ sem réttlæta lagasetningu gegn verkfalli. Þeir almannahagsmunir sem að frumvarpshöfundar byggja á að eigi hér við eru efnahagslegir, sbr. frumvarpstextann. Of mikið er gert úr þeim rökum að mati FVFÍ. Samkvæmt framansögðu er ekki sú efnahagslega vát fyrir dyrum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ber þar m.a. að líta til þess að tekjustreymi vegna fluga Ícelandair ekki það sama og tekjusköpun ferðaþjónustunnar í heild og flugsamgöngur til og frá landinu haldast opnar þrátt fyrir verkfallið. Þá á samkeppni, ef í eðlilegum farvegi er, að skapa grundvöll til þess að önnur flugfélög geti mætt eftirspurn eftir flugi á meðan að vinnustöðvun flugvirkja er í gangi hjá Ícelandair. Hafa verður enn fremur í huga í þessu sambandi að almennt séð er verkfallsvopninu ætlað að hafa þau áhrif að biti.

FVFÍ bendir á að frumvarpið, ef að lögum verður, muni einnig brjóta í bága við ýmsa aðra alþjóðlega sáttmála sem Ísland er aðild að og hafa lagagildi héraðs. Það athugast einnig að engin slík neyðarstaða er hér uppi sem kallar á það að löggjafinn fari á svig við hið almennt viðurkennda meðalhóf við lagasetningu.

Fyrirliggjandi dómafordæmi Hæstaréttar um gildi lagasetningar af svipuðum toga og hér um ræðir, gefa skýrt til kynna að efni frumvarpsins fari gegn þeim réttindum sem varin eru af stjórnarskrá og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að. Í *hæstaréttarmál nr. 167/2002*, er varðaði lagasetningu á verkfall sjómanna 2001, komst Hæstiréttur að niðurstöðu um að lög á verkfall brytu ekki gegn stjórnarskránni, en af dómsforsendum mátti ráða að ríkir efnahagslegir hagsmunir og kröfur um almannaheill yrðu að vera til staðar til þess að slík lagasetning fengi staðist. Hæstiréttur lagði þá línu að varlega verði að fara í því að tengja efnahagslega hagsmuni saman við almannahagsmuni, enda væri verkfallsvopninu ætlað að hafa slík áhrif að það biti. Í því tilviki horfði dómurinn sérstaklega til þess að við þá lagasetningu höfðu verkföll sjómanna staðið í sex vikur og sáttafundir 70 talsins í þeirri deilu. Í tilviki flugvirkja nú horfir hins vegar svo við að verkfall er nánast ekki hafið og sáttafundir einungis 23 talsins. Að virtu þessu dómafordæmi er lagasetning á verkfall flugvirkja óverjandi og brýtur gegn grundvallarlögum.

FVFÍ bendir á að framkvæmdavaldið virðist í engu hafa hugað að því við samningu frumvarpsins að fara hófstílltari leið, t.d. með þeim hætti að grípa til lagasetningar vegna vinnustöðvunar að því leyti sem hún hafi áhrif á aðrar flugleiðir en þær sem Ícelandair á í samkeppni á. Staðreyndin er sú að Ícelandair á í samkeppni t.d. á milli Íslands og Kaupmannahafnar annars vegar og Íslands og London hins vegar. Engin réttlætunleg eða efnahagsleg rök eru fyrir því að setja verkfallsaðgerðum skorður með lögum hvað varðar þann hluta rekstrar sem stendur í beinni samkeppni við önnur flugfélög. FVFÍ beinir því til þingnefndar, sé hún í grunninn fylgjandi lagasetningu á verkfallsaðgerðir, að skoða gaumgæfilega hvort til greina komi að fyrirhuguð lagasetning geti takmarkast við annan rekstur en þann er snýr að þeim flugleiðum þar sem Ícelandair stendur í sameppni á.

Virðingarfyllst,  
f.h. Flugvirkjafélags Íslands,

  
Óskar Einarsson, formaður.